

Nd.

163. Frumvarp

til laga um að banna næturvinnu við fermingu og affermingu skipa og báta í Reykjavík og Hafnarfirði.

Flutningsm.: Sigurjón Á. Ólafsson.

1. gr.

Í Reykjavík og Hafnarfirði er bönnuð öll vinna við fermingu og affermingu skipa og báta frá klukkan 10 að kvöldi til klukkan 6 að morgni.

2. gr.

Ef brýna og óbjákvæmilega nauðsyn ber til, getur lögreglustjóri þó veitt undanþágu til að vinna við fermingu og affermingu skipa og báta á þeim tíma sólarhrings, sem bannið í 1. gr. tekur til. Leyfi til undanþágu skal vera skriflegt og gildi aðeins næturlangt. Lögreglustjóri heldur skrá yfir leyfi þau, er hann veitir samkvæmt þessari grein, og skal þar geta ástæðunnar til undanþágunnar.

3. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, frá 500 til 5000 krónum, er renna í ríkissjóð, og skal afgreiðslumaður skips eða báts greiða sektir. Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1928.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er orðrjett eins og það var flutt á síðasta þingi af 4. þm. Reykv., Hj. V. Áður var það flutt af 2. þm. Reykv., J. Bald., á þinginu 1925. Um ástæður fyrir frumvarpinu vísast til þskj. 116 1925 og þskj. 44 1927.

Ástæður eru óbreyttar fyrir þörfinni um lagasetningu í þessu efni, og því óþarft að endurtaka þau rök.